

Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð

Efni: Minnisblað um stöðu verkefnis um móttöku flóttafólks

Dags: 4. janúar 2023

Málsnúmer: 202208758/10.14

Sendandi: Sigurbjörg Fjölnisdóttir, Framkvæmdastjóri velferðarsviðs

Forsaga:

Á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar 13. október sl. var lagt fram minnisblað undirritaðrar um stöðu vinnu vegna samræmdrar móttöku flóttafólks. Í því minnisblaði kom fram vilji sveitarfélagsins til að ganga til samninga en til þess þyrfti annars vegar að tryggja stuðning við börn í skólum sem og að gera breytingar á húsnæðisþætti samningsins. Bókaði bæjarráð á þeim fundi að fela bærarstjóra og framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs að vinna áfram að málinu í samstarfi við ráðuneytið og eftir atvikum önnur sveitarfélög.

Greinargerð:

Bærarstjóri ásamt undirritaðri funduðu í september með félagsmálaráðherra um mögulegan samning um samræmda móttöku þar sem áhyggjur sveitarfélagsins um þær skyldur sem væru lagðar á sveitarfélög að afla húsnæðis fyrir flóttafólk væru settar fram. Einnig komu fram áhyggjur gagnvart vanfjármögnun vegna stuðnings við flóttabörn í skólum.

Á þeim tíma sem hefur liðið frá síðasta minnisblaði sem lagt var fyrir hefur mennta- og barnamálaráðuneytið lagt fé til stuðnings sveitarfélaga þar sem börn á flótta eru búsett. Að auki hefur félags- og vinnumálaráðuneytið breytt kröfu til sveitarfélaga, samkvæmt meðfylgjandi kröfulýsingu, um húsnæðisöflun á þann hátt að hafi sveitarfélagið reynt til þrautar að útvega húsnæði má leita til ríkisins um stuðning vegna þess.

Samkvæmt framansögðu eru ekki sömu hindranir í vegi fyrir því að ganga inn í samtal um að undirrita samkomulag um samræmda móttöku flóttafólks í Mosfellsbæ.

*Virðingarfyllt,
Sigurbjörg Fjölnisdóttir*

Fylgiskjal:

- Uppfærð kröfulýsing frá félags- og barnamálaráðuneyti
- Minnisblað framkvæmdastjóra velferðarsviðs dags. 7. október 2022